

## Skólaráðsfundur 10. janúar 2018

### Fundargerð

Mættir: Rannveig Andrésdóttir skólastjóri, Guðrún Bára aðstoðarskólastjóri, Páll Friðbertsson fulltrúi foreldra, Helga Tryggvadóttir fulltrúi foreldra, Árný Þórarinsdóttir fulltrúi foreldra, Árni Karl fulltrúi nemenda, Hekla María fulltrúi nemenda, Eva Jóhannesdóttir fulltrúi starfsmanna, Hanna Sóley Helgadóttir fulltrúi Skólasels, Hólmfríður Bjargey fulltrúi leikskóla.

1. Breytingar á skóladagatali 2017 – 2018. Rannveig útskýrði breytingu á skóladagatali núverandi skólaárs vegna námsferðar starfsfólks til Brighton í maí. Breytingarnar fengust staðfestar hjá Skóla – og frístundasviði.
  - a. Í grunnskólanum voru nemendur í skólanum allan 1. des þegar átti að vera skertur nemendadagur og skóli búinn um hádegi. En skerti dagurinn verður í staðin miðvikudaginn 9. maí. Þann dag verður skólinn búinn um hádegi.
  - b. Í leikskólanum verður fyrirkomulagið þannig að föstudaginn 16. mars verður hálfur starfsdagur eftir hádegi í staðin fyrir heilan dag. Og þann 9. maí verður þá líka hálfur starfsdagur frá hádegi.
2. Mötuneytismál, nýju borðin í matsalnum útskýrð og farið var yfir matarskömmtnunina. Nemendur skammta sér sjálfir í matsalnum mat frá 3. bekk. Gömlu borðin á matsal og stólarnir voru orðin mjög lúin og kominn tími á endurnýjun. Húsgögnin sem keypt voru inn í staðin eru mun þægilegri í umgengni fyrir starfsfólkið okkar upp á þrif og þess háttar.
3. Staðan í starfsmannamálum, Rannveig útskýrir stöðu í starfsmannamálum. Það hefur gengið illa að manna stöður bæði í grunnskóla og leikskóla í vetur. Lítið um að fagmenntað fólk sæki um.
4. Símar nemenda á skólatíma, umræður um notkun síma á skólatíma. Í sumum skólum mega nemendur vera með símana sína á öllum tímum. Hjá okkur eru reglurnar þannig að símar eru ekki leyfðir á skólatíma. Foreldrar á því að það sé gott að nemendur séu ekki með símana í notkun á skólatíma. Foreldrum finnst nóg um það hve mikið nemendur eru með mikinn skjátíma heima hjá sér.
5. Skólasel – eins og fram kom á síðasta fundi skólaráðs þá var í deiglunni hjá borginni að flytja Skólaselið okkar yfir til ÍTR aftur. En við fögnum því að fallið hefur verið frá þeirri hugmynd eftir okkar mótmæli. Það var greinilega tekið tillit og hlustað á okkar mótbárur. Þannig að skólaselið verður áfram partur af rekstrareiningu Ártúnsskóla.
6. Foreldrakönnun í feb/mars, Rannveig fer yfir spurningarnar sem verða í könnuninni. Við höfum sent ítrekanir í gegnum tölvupóst til að minna foreldra á að svara. Foreldrar benda okkur á að nýta okkur líka facebook síður foreldrahópa til að minna á könnunina.
7. UTD – framtíðarsýn. Rannveig útskýrir 3ja ára framtíðarsýn hjá skólum borgarinnar. Stefnan er að til sé bekkjarsett á hverju skólastigi og þá er miðað við stærsta árgang hvers skólastigs. Skólinn ræður hvort hann tekur spjaldtölvur eða fartölvur á hverju skólastigi. Gert ráð fyrir því allir fagmenntaðir starfsmenn hafi tölvu.

8. Stuðningsþjónusta/breytt vinnulag. Rannveig útskýrir breytt vinnulag þjónustunnar hjá Þjónustumiðstöð Árbæjar þannig að hún sé eins í borginni.
9. Skóladagatal 2018 – 2019. Rannveig sýnir grunnskjal skóladagatalsins næsta skólaár. Rannveig spyr foreldra um það hvaða dagar henti best fyrir heimilin að hafa starfsdaga. Hvort það sé betra að hafa starfsdag á mánudögum og föstudögum eða í miðri viku. Foreldrar kjósa frekar að starfsdagar séu við helgi. Það nýtist heimilinum betur.
10. Önnur mál.
  - a. Rannveig talaði um skemmdarverk í jólaleyfinu. Tvær rúður brotnar og skólabjöllurnar sprengdar og útiljós brotin.
  - b. Það er mjög slæm umgengni í grenndarskóginum okkar eftir helgar og við þurfum að senda einhvern inn í rjóðrin á undan nemendum til að hreinsa upp gögn til vímuefnaneyslu, sígarettustubba og tómar áfengis umbúðir.
  - c. Umræður spunnust um foreldrarölt. Því vitað er til þess að í öðrum hverfum borgarinnar er að fara af stað virkt foreldrarölt eftir áramótin. Foreldrar könnuðust ekki við að hafa heyrt af því og skólinn hefur ekki fengið af því neinar fregnir.

Fundarritari

Guðrún Bára Gunnarsdóttir